



Hluthafafundur Símans hf.

verður haldinn miðvikudaginn 28. janúar 2026 kl. 16:00 að Hilton Reykjavík Nordica (Vox Club), Suðurlandsbraut 2, Reykjavík.

Dagskrá

1. Tillaga um breytingu á samþykktum félagsins.
2. Önnur mál.

Lagt er til að samþykktum félagsins verði breytt þannig að við bætist ný grein 4.2, þar sem stjórn félagsins verður heimilað að hækka hlutafé þess um allt að kr. 430.000.000 að nafnverði með útgáfu nýrra hluta og að hluthafar falli frá forgangsrétti sínum til áskriftar að hinum nýju hlutum, sem afhentir skulu seljendum sem hluti kaupverðs í tengslum við kaup félagsins á öllu hlutafé í Opnum kerfum hf. og Öryggismiðstöð Íslands hf. Skal því heimilt að greiða áskriftarverð hinna nýju hluta með öðrum hætti en með reiðufé, þ.m.t. með skuldajöfnuði. Gerir tillagan ráð fyrir að heimildin mundi gilda til ársloka 2026.

Aðrar upplýsingar

Nánari upplýsingar um aðgangsupplýsingar, þátttöku, skráningu og atkvæðagreiðslu er að finna á vefsíðu félagsins, <https://www.siminn.is/fjarfestar/hluthafafundir>.

Hluthafar sem eiga ekki kost á að sækja fundinn geta veitt öðrum skriflegt umboð eða greitt atkvæði skriflega. Þeim hluthöfum sem hyggjast nýta sér annan hvorn þessara kosta er bent á að kynna sér heimasíðu félagsins hvernig þeir skuli bera sig að. Þar er að finna leiðbeiningar um skráningu og form skjala og hvernig þeim skuli skilað til félagsins.

Fjöldi hluta í félaginu

Heildarfjöldi hluta í félaginu hinn 25. janúar 2026 er 2.475.000.000 hlutir og atkvæði jafnmörg. Þar af eru virk atkvæði 2.326.131.308.

Aðrar upplýsingar



Á vef félagsins, <https://www.siminn.is/fjarfestar/hluthafafundir>, er að finna allar frekari upplýsingar í tengslum við hluthafafundinn, þ.m.t. tillögu stjórnar félagsins og umboðseyðublað.

Skráning á fundinn hefst klukkan 15.30 og verða atkvæðaseðlar og önnur gögn afhent á fundarstað frá þeim tíma. Skráningu lýkur klukkan 16.00 þegar fundur hefst.

Fundurinn fer fram á íslensku.

Reykjavík, 25. janúar 2026

Stjórn Símans hf.